

FUNDARBOÐ SPARISJÓÐS HÖFÐHVERFINGA HF.

til hluthafafundar 9. október 2025

Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga hf., kt. 590424-1450, boðar hér með til hluthafafundar sem verður haldinn fimmtudaginn 9. október 2025 kl. 17:00, að Túngötu 3, Grenivík

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál:

1. Tillaga stjórnar 30. júní 2025 um samruna Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. og Sparisjóðs Strandamanna hf.
2. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins vegna samrunans þ.m.t. hækkun hlutafjár þannig að það verði 965.511.958 kr. að nafnverði og að nafni sjóðsins verði breytt.
3. Heimild stjórnar til útgáfu nýs hlutafjár að verðmæti allt að kr. 500.000.000 að nafnvirði og að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefinna hluta.
4. Kjör stjórnar
5. Umræður og önnur mál löglega borin fram.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna birtist í Lögbirtingarblaðinu 28. júlí 2025.

Til fundarins var boðað með bréfi til allra hluthafa þann 11. september 2025 og voru öll gögn er varða fundinn aðgengileg á heimasíðu félagsins sem og skrifstofum þess frá þeim degi.

Með framangreindri endanlegri dagskrá fylgja nú endanlegar tillögur og greinargerð vegna þeirra.

Tilynna þarf um framboð til stjórnar skriflega skemmst fimm dögum fyrir fundinn og greina þau atriði sem áskilin eru samkvæmt 2. mgr. 63. gr. a í lögum um hlutafélög. Upplýsingar um framboð til stjórnar verða lagðar fram til sýnis fyrir hluthafa á heimasíðu sjóðsins og á skrifstofu hans eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn. Í samræmi við upplýsingar í fyrra fundarboði er liðinn sá frestur sem hluthafi getur óskað eftir því að mál verði tekið fyrir á fundinum en slíkum upplýsingum þurfti að koma til stjórnar 10 dögum fyrir fundardag.

GRENIVÍK 2. október 2025

STJÓRN SPARISJÓÐS HÖFÐHVERFINGA

GREINARGERÐ MEÐ DAGSKRÁRTILLÖGUM

1. Tillaga stjórnar um samruna

Þann 21. mars 2025 ákváðu stjórnir Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. og Sparisjóðs Strandamanna hf. að hefja formlegar viðræður um mögulega sameiningu félaganna. Töldu stjórnirnar að kostir sameiningar væru ótvíræðir, m.a. þar sem bæði félögin starfa á sama markaði og því mikil samlegðaráhrif í sameiningu þeirra, fjármögnun félaganna og eignasafn er eðlislíkt og með sameiningu væri unnt að auka eigið fé sjóðanna, stækka þá og efla mjög samkeppnishæfni þeirra.

Stjórnir Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. og Sparisjóðs Strandamanna hf. undirrituðu samkomulag um samruna félaganna þann 30. júní 2025. Sama dag var samrunaáætlun undirrituð af stjórnnum félaganna, ásamt greinargerðum stjórna félaganna.

Samkvæmt samrunaáætlun verða félögin sameinuð m.v. 1. janúar 2025 og mun hið sameinaða félag fá nafnið Sparisjóður Höfðhverfinga hf. Við sameininguna fá hluthafar í Sparisjóði Strandamanna hf. eingöngu hluti í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. í skiptum fyrir hlutafé sitt. Við samrunann láta hluthafar í Sparisjóði Strandamanna hf. því af hendi alla hluti sína í félaginu, að nafnvirði kr. 432.638.641, og fá í staðinn hluti í hinu sameinaða félagi að nafnvirði kr. 465.859.520, eins og nánar verður lýst í greinargerð um 2. lið dagskrár.

Fyrirhugaður samruni var tilkynntur til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands þann 13. ágúst 2025. Þann 1. september 2025 upplýsti Fjármálaeftirlitið að það teldi forsendur til staðar til þess að veita samþykki fyrir samrunanum samkvæmt 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þegar samrunaferlinu væri lokið í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Þá liggur fyrir að stærð samrunafélaganna leiðir til þess að þau eru undir veltumörkum samkvæmt 1. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og er samruninn því ekki tilkynningarskyldur til Samkeppniseftirlitsins.

Sameiginleg samrunaáætlun félaganna, greinargerðir stjórna um samrunaáætlunina, upphafsefnahagsreikningur hins sameinaða félags m.v. 1. janúar 2025, ásamt skýrslu matsmanns og yfirlýsingu endurskoðenda, sbr. XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, hafa verið aðgengileg á skrifstofu félagsins ásamt ársreikningum samrunaðila, frá 11. september sl. í samræmi við áskilnað 1.- 5. tölul. 5. mgr. 124. gr. hfl.

Með hliðsjón af framansögðu leggur stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. til að eftifarandi verði samþykkt af hluthafafundi félagsins:

Hluthafafundur Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. samþykkir samruna Sparisjóðs Höfðhverfinga hf., sem yfirtökufélags, og Sparisjóðs Strandamanna hf., sem yfirtekins félag, á grundvelli samrunaáætlunar stjórna félaganna, dags. 30. júní 2025.

Ákvörðun um samruna fer eftir 93. gr. hfl. Verði samruninn samþykktur á hluthafafundi beggja félaganna mun hann þegar öðlast gildi.

2. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins vegna samrunans

Hlutfé í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. fyrir samruna er kr. 532.873.317 að nafnvirði.

Skiptihlutföll við sameininguna eru þannig að hluthafar í Sparisjóði Strandamanna hf. fá 48,25% í sameinuðu félagi en hluthafar í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. fá 51,75% í sameinuðu félagi.

Við samrunann fellur niður eignarhlutur Sparisjóðs Strandamanna hf. í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. að nafnvirði kr. 5.464.509, sem yrðu ella eigin hlutir í sameinuðu félagi.

Við samrunann verður nafnverð hlutafjár núverandi hluthafa í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. aðlagð að hlutfé í hinu sameinaða félagi í samræmi við skiptihlutföll í samrunanum, þannig að hluthafar í Sparisjóði Höfðhverfingar hf. verða eigendur kr. 499.652.438 hluta að nafnvirði í hinu sameinaða félagi.

Samkvæmt samrunaáætlun munu hluthafar Sparisjóðs Strandamanna hf. fá 465.859.520 hluti í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. sem endurgjald fyrir hluti sína í Sparisjóði Strandamanna hf. Eftir þessar breytingar verður hlutfé Sparisjóðs Höfðhverfinga hf., þ.e. hins sameinaða félags, kr. 965.511.958.

Af framangreindum breytingum leiðir að hækka þarf hlutfé í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. um kr. 427.174.132 að nafnvirði, úr 538.337.826 í 965.511.958. Hinir nýútgefnu hlutir njóta sömu réttinda og aðrir hlutir í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. frá afhendingardegi. Leggur stjórn því fram neðangreinda tillögu um að hlutfé verði hækkað um kr. 427.174.132 að nafnvirði. Gert er ráð fyrir að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum vegna hinna nýútgefnu hluta samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hluthafafundur Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. samþykkir að hækka hlutfé félagsins um kr. 427.174.132 að nafnvirði og verða hinir nýútgefnu hlutir afhentir hluthöfum Sparisjóðs Strandamanna hf. í skiptum fyrir eignarhlut þeirra í því félagi. Hinir nýútgefnu hlutir njóta sömu réttinda og aðrir hlutir í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. frá afhendingardegi. Heildarhlutfé Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. eftir breytinguna verður kr. 965.511.958 að nafnvirði. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefinna hluta í samræmi við tillögu þessa og samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn félagsins skal samþykkja og gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins af þessu tilefni.

Í tilefni þeirra breytinga sem verða á Sparisjóði Höfðhverfinga hf., samþykki hluthafafundurinn samruna við Sparisjóðs Strandamanna hf., telur stjórn nauðsynlegt að gerðar verði nokkrar breytingar á samþykktum félagsins, umfram þær sem leiða af samrunanum og þeim breytingum sem áður eru raktar. Leggur stjórn því til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

- i. Nafni félagsins verði breytt úr Sparisjóði Höfðhverfinga hf. í Smára sparisjóð hf. og að gerðar verði breytingar þar að lútandi á fyrirsögn og 1. gr. samþykktu félagsins.
- ii. Starfssvæði félagsins er Norðurland og Strandir og starfsstöðvar þess eru á Grenivík og Hólmavík. Gerðar verði breytingar á 1. og 2. mgr. 2. gr. samþykktu til áréttingar á þessu, auk þess sem 3. mgr. 2. gr. verði felld úr gildi.
- iii. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 1. mgr. 3. gr. til samræmis við núverandi starfsemi félagsins.
- iv. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 1. mgr. 5. gr. til samræmis við breytingar sem lagðar eru til á 4. gr. og gerð hefur verið grein fyrir í köflum 2 og 3 hér að framan.
- v. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 1. og 2. mgr. 7. gr. til samræmis við núverandi starfsemi félagsins.
- vi. Lögð er til sú breyting á 11. gr. samþykktu að aðalfundur félagsins verði haldinn á Hólmavík eða Ströndum eigi sjaldnar en annað hvert ár.
- vii. Tekið er fram í 2. tölul. 14. gr. að á aðalfundi skuli lögð fram starfskjarastefna. Þá eru lagðar til breytingar á 14. gr. sem fela í sér heimild til notkunar rafrænna miðla í samskiptum félagsins og hluthafa og að hluthöfum verði heimilað að taka þátt í hluthafafundum með rafrænum búnaði án þess að vera á fundarstað.
- viii. Lögð er til breyting á 3. mgr. 16. gr. samþykktu sem heimilar stjórnarmönnum að halda stjórnarfundum með rafrænum hætti.
- ix. Að síðustu er lagt til að 2. mgr. 21. gr. verði felld úr gildi.

Aðrar smávægilegar breytingar eru lagðar til á samþykktum félagsins sem fela í sér leiðréttingar og uppfærslu á orðalagi. Allar þær breytingar sem lagðar eru til að fundurinn samþykki á samþykktum félagsins eru auðkenndar í fylgiskjali í fundargögnum. Um atkvæðamagn til breytinga á samþykktum fer samkvæmt 21. gr. samþykktanna og 93. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

3. Heimild stjórnar til útgáfu nýs hlutafjár að verðmæti allt að 500.000.000 krónur

Í samkomulagi stjórna Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. og Sparisjóðs Strandamanna hf. kemur fram að í kjölfar samruna félaganna vera undirritaðir og efndir samningar við KEA svf. um skilyrta áskrift að nýju hlutafé í hinu sameinaða félagi og skilyrta kaup- og sölurétti að hlutum í félaginu til næstu 3ja ára. Er það nauðsynlegt rekstri hins sameinaða félags, m.a. til að ráðast í uppgreiðslu á víkjandi lánum. Til að hrinda þeim áformum í framkvæmd leggur stjórn til að

henni verði heimilað að auka hlutafé hins sameinaða félags um allt að kr. 500.000.000 að nafnvirði. Annars vegar er um að ræða hlutafjárauðningu í hinu sameinaða félagi að fjárhæð kr. 200.000.000 að söluvirði, en gengi aukningarinnar mun miðast við innra virði félagsins, þó aldrei lægra en gengið 1 (innra virði er skilgreint sem bókfært eigið fé hins sameinaða félags, deilt með nafnvirði hlutafjár félagsins eins og það verður eftir að samruni hefur gengið í gegn). Hins vegar verður stjórn hins sameinaða félags heimilað að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 300.000.000 að söluvirði, til þess að efna skuldbindingar félagsins vegna kaup- og söluréttarsamninga sem gerðir verða við KEA svf. í tengslum við samrunann.

Gengi hlutafjárhækkunar stjórnar á grundvelli heimildarinnar skal taka mið af innra virði hins sameinaða félags skv. síðasta samþykktu ársreikningi eða árshlutauppgjöri sem yfirfarið hefur verið af endurskoðanda félagsins. Þá skal stjórn taka mið af því, við ákvörðun um nýtingu heimildarinnar, að heimild KEA svf. til að eiga virkan eignarhlut í félaginu takmarkast 50% eignarhlut. Stjórn skal því gæta þess að ekki myndist virkur eignarhlutur umfram 50% mörk við nýtingu heimildarinnar.

Að öðru leyti ákvarðar stjórn sölureglur, fresti til áskriftar og greiðslufresti. Heimildin skal gilda til 1. júlí 2029. Gert er ráð fyrir að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefinna hluta í samræmi við heimildir þessar samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Á grundvelli framangreinds gerir stjórn tillögu um að felld verði inn í 4. gr. samþykktu hins sameinaða félags eftirfarandi heimild hluthafafundar til handa stjórn um að hækka hlutafé félagsins um allt að 500.000.000 krónur:

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 500.000.000 krónur að nafnvirði í einu lagi eða áföngum, til þess að efna skuldbindingar félagsins vegna samninga sem hún hefur gert við KEA svf. í tengslum við sameiningu Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. við Sparisjóð Strandamanna hf. Samningarnir gera ráð fyrir hækkun hlutafjár og það verði selt á innra virði til KEA. Að öðru leyti ákvarðar stjórn sölureglur, fresti til áskriftar og greiðslufresti. Nýútgefnir hlutir á grundvelli heimildar þessarar skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar og skulu sömu ákvæði og kveðið er á um í samþykktum þessum að öðru leyti gilda um nýútgefna hluti í félaginu. Stjórninni er enn fremur heimilt að gera breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við hlutafjárhækkun samkvæmt heimild þessari. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefinna hluta í samræmi við tillögu þessa og samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Heimild þessi gildir til 1. júlí 2029.

Stjórn félagsins er falið að gera viðeigandi breytingar á samþykktum og hlutaskrá félagsins til samræmis við framangreint og annast viðeigandi tilkynningar til Fyrirtækjaskrár þar að lútandi.

4. Kjör stjórnar

Samkvæmt 16. gr. samþykktar Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Kosnir skulu tveir varamenn til sama tíma.

Í ljósi þeirra breytinga sem verða á félaginu og hluthafahópi þess við samruna við Sparisjóð Strandamanna hf. telur núverandi stjórn félagsins rétt að kjörin verði ný stjórn, sem starfi fram að næsta aðalfundi félagsins. Hafa allir stjórnarmenn því sagt starfi sínu lausu en gegna áfram skyldum stjórnarmanna fram að hluthafafundi þegar ný stjórn verður kjörin.

Um hæfi stjórnarmanna fer samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995 og 52. gr. og 52. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Að öðru leyti fer um stjórnarkjör samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og samþykktum félagsins.

Tilkynna skal skriflega skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn um framboð til stjórnar félagsins. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu, sbr. 63. gr. a hlutafélagalaga.

* * *

- Fundargögn, þ.m.t. samrunaáætlun greinargerðir stjórna, skýrslur sérfróðra matsmanna, samrunaefnahagsreikningur og önnur samrunagögn voru birt á heimasíðu félagsins 11. september sl. (á vefslóðinni <https://www.spar.is/sparisjodur-hofdhverfinga/um-sparisjodinn/um-sparisjodinn/skjol-vegna-samruna>) en eru einnig aðgengileg á starfsstöð félagsins að Glerárgötu 36, Akureyri.
- Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á fundinum.
- Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundinum. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Umboð má leggja fram á fundinum eða senda á framangreint netfang fyrir fundinn.
- Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn. Ákvörðun um samruna fer eftir 93. gr. laga nr. 2/1995.

Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga hf.